

## Eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs – Ársskýrsla 2023

Eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs hefur samkvæmt starfsreglum Norðurlandaráðs eftirfarandi hlutverk:

*Eftirlitsnefnd fer með þingbundið eftirlit með þeirri starfsemi sem kostuð er sameiginlega úr norrænum sjóðum, og sér einnig um aðrar úttektir sem þingið ákveður (6. gr.).*

*Eftirlitsnefnd getur lagt ályktun fyrir forsætisnefnd um túlkun Helsingforssamningsins og annarra samninga um norrænt samstarf, starfsreglur þessar og aðrar ákvarðanir um innri málefni (46. gr.).*

Skipan eftirlitsnefndar í nóvember 2023:

Liv Kari Eskeland, formaður, flokkahópi hægrimanna, Noregi  
Hanna-Leena Mattila, varaformaður, flokka hópi miðjumanna, Finnlandi  
Per-Arne Håkansson, flokkahópi jafnaðarmanna, Svíþjóð  
Victoria Tiblom, norrænt frelsi, Svíþjóð  
Hafdis Hrönn Hafsteinsdóttir, flokkahópi miðjumanna, Íslandi  
Tobias Drevland Lund, norrænum vinstri grænum, Noregi  
Malte Larsen, flokkahópi jafnaðarmanna, Danmörku

Ólíkt fagnefndunum hafa fulltrúar í eftirlitsnefnd persónulega varamenn.

Eftirlitsnefndin hélt árið 2023 þrjá fundi (23. janúar, 15. mars og 5. september)

## Stofnanaheimsóknir

Frá árinu 2011 hefur eftirlitsnefndin reglulega heimsótt norrænar stofnanir sem fá styrki frá Norrænu ráðherranefndinni. Tilgangur heimsóknanna er að varpa ljósi á norrænt notagildi sem stofnanirnar skila. Að heimsóknunum loknum er samin skýrsla sem er send til stofnunarinnar, Norrænu ráðherranefndarinnar, viðkomandi nefndar Norðurlandaráðs sem fer með málaflokk stofnunarinnar og til forsætisnefndar Norðurlandaráðs.

Árið 2023 var farið í eftirfarandi fjórar heimsóknir og fékk eftirlitsnefnd eftirfarandi upplýsingar:

- **NordRegio**

Í NordRegio er undantekning frá 8 ára reglunni og þar geta á hverjum tíma starfað 5 starfsmenn lengur en í 8 ár.



NordGenio á erfitt með að laða að sér viðeigandi sérfræðinga. Laun, gengi og verðbólga eru þættir sem gera að verkum að hæfilegar umsóknir berast ekki. Óskað er eftir því að stýring Norrænu ráðherranefndarinnar miðist í auknum mæli við markmið en ekki aðgerðir.

- **Norræna velferðarmiðstöðin**

Stjórn Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar (NVC) er háð mörgum stýriskjöllum sem mörg eru sama efnis eða skarast á við við önnur skjöl.

Norræna ráðherranefndin setur í gang mörg verkefni og mörg þeirra eru unnin af utanaðkomandi aðilum. Það er mat NVC að mörg af þessum verkefnum gætu frekar verið unnin af norrænum stofnunum og þá líklega betur.

Árið 2021 tóku gildi nýjar reglur um NVC og með þeim átti að leggja meiri áherslu á þekkingarmiðaða starfsemi sem betur væri í stakk búin til að koma til móts við utanaðkomandi óskir.

- **Norræna húsið í Reykjavík**

Umfangsmikil viðhaldsvinna er í gangi og hefur Norræna ráðherranefndin veitt fjármagn til hennar. Umfang verksins hefur mikil áhrif á starfsfólk hússins og verkefni sem þar eru unnin og halda áfram allan viðhaldstímann. Auk þess tekur fjárveitingarbréfið ekki tillit til breyttra aðstæðna.

Norræna húsið hefur látið sig varða samfélagsumræðuna og hefur tekið upp mál sem eru í deiglu og leitt að borðinu sérstaka markhópa, sér í lagi hvað varðar stríðið í Úkraínu og flóttafólk sem þaðan kemur til Íslands.

- **NordGen**

Ný húsakynni NordGen eru ekki tilbúin og ýmsir ágallar hafa komið í ljós sem NordGen reynir nú að leysa gagnvart byggingaverktakanum.

NordGen hefur tekist á hendur stórt verkefni í tengslum við að tryggja efni frá úkraínski systurstofnun sinni.

## Önnur verkefni

### Úttektir

Á árinu 2023 vann eftirlitsnefndin 7 úttektir:

- Úttekt á eftirfylgd við verkefni Norrænu ráðherranefndarinnar með tilliti til árangurs
  - Eftirlitsnefndin ákvað að taka málið upp að nýju á fyrri hluta árs 2024 þegar Ríkisendurskoðun Danmerkur hefur unnið aðra lögfræðilega endurskoðun á sviðinu.
- Úttekt á afleiðingum sparnaðar í fjárhagsáætlun á aðgerðir Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar
  - Úttektin var tekin til kynningar án athugasemda



- Úttekt á afleiðingum sparnaðar í fjárhagsáætlun á aðgerðir Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar
  - Eftirlitsnefndin fékk þær upplýsingar að ekki sé heppilegt að ekki liggi alla jafna fyrir áhrifamat fyrir ákvarðanir um niðurskurð á fjárveitingum.
- Úttekt á því hvaða áhrif sparnaður á sviði menningar- og menntamála hjá Norrænu ráðherranefndinni hafði á norrænar aðgerðir í menningar- og menntamálum
  - Eftirlitsnefndin gaf til kynna að það sé að hennar mati óásættanlegt að áhrifin af sparnaðaraðgerðunum hafi ekki verið metin áður en fjárhagsáætlunin var samþykkt.
- Úttekt á ferlinu við gerð fjárveitingarbréfs Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar 2021
  - Úttektin var tekin til kynningar án athugasemda
- Úttekt á því hvort verksvið norrænna stofnana skarist og hvernig tekist sé á við það
  - Niðurstaða eftirlitsnefndarinnar er að um mikla skörun sé að ræða á verkswiðum stofnananna almennt séð en að það leiði ekki til beinnar skörunar á þeim aðgerðum sem stofnanirnar vinna.
- Úttekt á því með hvaða hætti stofnanirnar komu að áfangaskýrslunni um „Framtíðarsýn okkar2030“
  - Úttektin var tekin til kynningar án athugasemda

## Ársskýrslur stofnananna

Nefndin hefur rétt eins og undanfarin ár lesið ársskýrslur norrænna stofnana sem tengjast Norrænu ráðherranefndinni. Alls er um 12 stofnanir að ræða. Almennt lítur út fyrir að vel gangi hjá stofnununum á heildina séð og að þær nái þeim markmiðum sem koma fram í árangurssamningunum við Norrænu ráðherranefndina.

## Árleg fjárveitingarbréf

Fjárveitingarbréfum Norrænu ráðherranefndarinnar til stofnana sinna er ætlað að skapa betri yfirsýn yfir starfsemi mismunandi stofnana og stuðla að auknu gagnsæi og betri tækifærum til þingbundins eftirlits. Öll fjárveitingarbréf hafa verið kynnt fyrir eftirlitsnefndinni og hefur hún ekki sérstakar athugasemdir við þau.

## Ársreikningar flokkahópanna

Eftirlitsnefndin hefur farið yfir ársreikninga flokkahópanna og tilheyrandi endurskoðunarskýrslur með tilliti til reglna um styrki til flokkahópa sem eru til grundvallar við greiðslu styrkja til einstakra flokkahópa. Allar athugasemdir við ársreikningana tengjast umsýslu greiðslanna og þeim kröfum sem gerðar eru í sambandi við fjárveitingar til flokkahópanna. Forsætisnefndin hefur látið stjórninni í té leiðir til þess að hafa betri stjórn á verklagi, sem einnig er kveðið á um í reglum um styrki til flokkahópa, og mælist eftirlitsnefndin til þess að áhersla sé lögð á að tryggja gott verklag.



## Skýrslur og tilmæli Ríkisendurskoðunar Danmerkur

### Tilmæli

Ríkisendurskoðun Danmerkur heimsótti eftirlitsnefndina á fundi hennar í september með það fyrir augum að fara yfir vinnuna í tengslum við ársreikninga Norrænu ráðherranefndarinnar, frá þeim sem ekki voru samþykktir 2019 og til dagsins í dag. Á fundinum kom Ríkisendurskoðun með eftirfarandi ábendingar varðandi vinnuna sem fram undan er við ársreikninga Norrænu ráðherranefndarinnar:

- Aðgerðaáætlunum Norrænu ráðherranefndarinnar sem samþykktar hafa verið verði fylgt jafnóðum eftir, þ.m.t. með úttekt á stöðu allra beinna aðgerða.
- Áhersla á stjórn til langs tíma, einkum í tengslum við styrkveitingar.
- Áhersla ráðherranefndarinnar sem hingað til hefur verið á aðgerðir færast yfir á markmið og árangursstýringu. Þessi breyting mun taka nokkur ár en fylgjast þarf náið með henni.

### Endurskoðunarskýrslur

Á fundi sínum í september í fór eftirlitsnefndin yfir skýrslur Ríkisendurskoðunar Danmerkur um Norrænu ráðherranefndina, Norðurlandaráð og Norræna menningarsjóðinn. Verkefni nefndarinnar er að gera athugasemdir við endurskoðunarskýrsluna um ársreikninga Norðurlandaráðs áður en forsætisnefndin samþykkir ársreikningana og undirbúa afgreiðslu ársreikninganna á þingi Norðurlandaráðs.

Athugasemdir nefndarinnar við hinar tvær endurskoðunarskýrslurnar eru sendar beint til stofnananna ásamt ársreikningunum.

Eftirlitsnefndin gerði eftirfarandi athugasemdir við ársreikningana í ár:

- **Norðurlandaráð**  
Ríkisendurskoðun Danmerkur hefur skilað skýrslu sinni um reikningsskil Norðurlandaráðs árið 2022. Eftirlitsnefndin hefur ekki frekari athugasemdir í tengslum við hana.
- **Norræna ráðherranefndin**  
Ríkisendurskoðun Danmerkur hefur skilað skýrslu sinni um reikningsskil Norrænu ráðherranefndarinnar árið 2022.  
Eftirlitsnefndin veitir því athygli að Norræna ráðherranefndin hefur í ár aftur verið gagnrýnd af Ríkisendurskoðun Danmerkur í tengslum við stjórnsýslulega endurskoðun og lögfræðilega endurskoðun. Í ljósi þess leggur eftirlitsnefndin til
  - að eftirlitsnefndin verði áfram upplýst reglulega um það hvernig Norræna ráðherranefndin fylgi tilmælum Ríkisendurskoðunar
- **Norræni menningarsjóðurinn**  
Ríkisendurskoðun Danmerkur hefur skilað skýrslu sinni um reikningsskil Norræna menningarsjóðsins árið 2022. Eftirlitsnefndin hefur ekki frekari athugasemdir í tengslum við hana.